

# FRÉTTABRÉF BHS

Útg.: Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda  
- Höfðabraut 6, 530 Hvammstangi  
- Húnaþraut 13, 540 Blönduós  
10. árg. 10. tbl. 2011

s. 451-2601  
s. 451-2602  
Heimasíða: [www.rhs.is](http://www.rhs.is)

Ábm. Gunnar Ríkharðss.  
netf.: [rhs@bondi.is](mailto:rhs@bondi.is)  
netf.: [rhs@bondi.is](mailto:rhs@bondi.is)  
Nóvember 2011

## EFNI BRÉFSINS

**Kynningarfundir  
fyrir sæðingastöðva-  
hrútana**

\*\*\*

**Formannafundur  
BHS**

\*\*\*

**Sæðinganámskeið**

\*\*\*

**Gæðastýring  
umsóknir**

\*\*\*

**Skipulag  
sauðfjársæðinga**

\*\*\*

**Skráning á  
lambadómum**

\*\*\*

**Hrossaskráningar  
sláturfolöld**

\*\*\*

**Forðagæsluskýrslur**

\*\*\*

**Dýralæknþjónusta**

\*\*\*

**Garnaveiki-  
bólusetning**

\*\*\*

**Hrútaskráin**

## Kynningarfundir fyrir sæðingastöðvarhrútana

Haldnir verða kynningarfundir á hrútum sæðingastöðvanna á eftir-  
töldum stöðum:

**Sun. 20. nóv. Sævangi kl. 13:00**

**Mán. 21. nóv. Víðihlíð kl. 13:00**

Eyjólfur Ingvi Bjarnason sem leysir Jón Viðar af tímabundið kynnir hrúta-  
kost stöðvanna.

Hrútaskráin verður komin þá og verður dreift á fundunum. Allir áhugasamir  
sauðfjarræktendur hvattir til að mæta!!!

Kaffi selt á staðnum.

## Formannafundur BHS 2011

Árlegur fundur formanna allra aðildarfélaganna BHS verður að þessu sinni  
haldinn í Dalsmynni í Húnavatnshreppi fimmtudaginn 24. nóv. Ef einhverjir  
formenn hafa ekki fengið sent fundarboð vinsamlega hafið samband við  
Gunnar.

## Sæðinganámskeið

Haldið verður námskeið í sauðfjársæðingum á Hesti, Borgarfirði.

Tími: Þri. 29. nóv. kl. 13:00-18:00 (6,5 kennslustund) á Hesti í Borgarfirði.

Umsóknafrestur til ca. 23. nóvember.

Kennari: Þorsteinn Ólafsson dýralæknir.

Verð: 9.200 kr. (Námskeiðið er styrkhæft gegnum Starfsmenntasj. bænda)

Skráningar: [endurmenntun@lbhi.is](mailto:endurmenntun@lbhi.is) eða í síma 433 5000 - fram komi fullt  
nafn, kennitala, heimilisfang, sími og netfang.

Staðfestingargjald: Staðfesta þarf skráningu með því að millifæra 1800 kr  
(óafturkræft) á reikninginn 354-26-4237, kt. 411204-3590, senda kvittun á  
[endurmenntun@lbhi.is](mailto:endurmenntun@lbhi.is)

## Gæðastýring - umsóknir

Umsóknarfrestur fyrir nýja þátttakendur í gæðastýringu er **20. nóvember**  
næstkomandi ef viðkomandi ætlar að fá álagsgreiðslur á næsta ári. Þeir sem  
ekki hafa farið á námskeið geta samt sótt um og hafið þátttöku á næsta ári og  
fengið álagsgreiðslur, fari þeir á námskeið sem haldið verður í júní á næsta  
ári. Eyðublöð má nálgast á [www.mast.is](http://www.mast.is).

---

## Skipulag sauðfjársæðinga

Í ár verður tekið sæði frá Sæðingastöð Vesturlands sem fyrr. Einnig verður í boði sæði af Suðurlandi dagana 1. og 2. desember. Verð á sæðisskammti í ár er 565 kr. + vsk.

Sæði af Vesturlandi verður í boði mán-mið. 3 vikur í röð eins og hefð er orðin fyrir. Hægt verður hægt að nálgast sæðið í Staðarskála, við Hvammstangaafleggjara og á Blönduósi eins og verið hefur. Þar að auki eru frjalsir dagar á Vesturlandsstöðinni 30. Nóv, 1. og 2. des en þá geta menn pantað sæði ef þeir hafa sjálfir far fyrir það, því það verður ekki keyrt út frá stöðinni á sama hátt og hina dagana.

Sæðingadagar	1.des *	2.des *	5.des	6.des	7.des	12.des	13.des	14.des	19.des	20.des	21.des
Svampar settir í	15.nóv	16.nóv	19.nóv	20.nóv	21.nóv	26.nóv	27.nóv	28.nóv	3.des	4.des	5.des
Svampar teknir úr **	29.nóv	30.nóv	3.des	4.des	5.des	10.des	11.des	12.des	17.des	18.des	19.des
* Sæði af Suðurlandi											
** Svampar eru teknir úr 55-60 klst. fyrir áætlaðan sæðingatíma. M.v. sæðingu kl. 17:00 er svampur tekinn úr milli kl. 5:00 og 10:00 tveimur dögum fyrr.											

Árneshreppur er sér á báti með sína sæðingadaga fyrir ferskt sæði. Gjögurflug er mánudaga og fimmtudaga og munu Árneshreppingar geta nýtt sér þá daga í desember. Eins er opinn möguleiki að fá sæði aðra daga, ef ferð fellur. Gunnar Dalkvist í Bæ sér um að halda utan um þær pantanir og allt í kringum það.

**Pantanir berist á skrifstofu BHS 451-2602, netfang: [rhs@bondi.is](mailto:rhs@bondi.is). Panta þarf sæði fyrir kl. 14:00 næsta virka dag á undan sæðingadegi. Þannig þarf að panta á föstudegi, fyrir sæðingu á mánudegi.**

Allar pantanir á sæði fara í gegnum BHS. Bændur sem hafa farið á námskeið í sauðfjársæðingum, geta sett sjálfir, en þeir sem ekki hafa sótt slíkt námskeið, verða sjálfir að semja við einhvern um að sæða hjá sér.

Þegar pantað er sæði fyrir ósamstilltar ær er mikilvægt að láta okkur hjá BHS vita í tíma ef ekki finnast blæsma ær, svo hægt sé að nota sæðið á öðrum bæjum. Sama gildir ef menn vilja fá sæði í fleiri ær en pantað er fyrir, þá þarf að láta okkur vita um morguninn og við munum reyna að ráðstafa því sæði sem kemur aukalega til þeirra.

Dýralæknar sjá um að selja svampa.

---

## Skráning á lambadómum

Nú er innskráning lambadóma að verða langt komin. Þó eru í fórum okkar talsvert af dómablöðum síðan í haust sem vantar líffunga lambanna á. Við getum ekki slegið þessa dóma inn án þunga og því viljum við biðja þá sem vita að sín blöð voru þannig um að annað hvort slá þetta sjálfir inn í fjarvis.is eða koma til okkar afritum af dómablöðunum þar sem þunginn er kominn inn. Þannig getum við sem fyrst gengið frá öllum afkvæmarannsóknum haustsins. Sama gildir um þá sem eru í netskilum og hafa enn ekki staðfest allar slátranir haustsins. Ganga þarf frá því sem fyrst svo við getum gert upp afkvæmarannsóknir.

---

## Hrossaskráningar - sláturfólöld

Mínum hrossaeigendur á að til að kjöt af sláturföldum sé nýtt til manneldis verða mæður þeirra að vera grunnskráðar í gagnagrunninn Worldfeng. Þeir sem ekki enn hafa gengið frá skráningum á sínum hrossum er bent á að hafa samband. Ennfremur eru þeir sem örmerkja hross minntir á að skila jafnóðum gögnum til BHS.

Nú geta hrossaeigendur sem aðgang hafa að Worldfeng framkvæmt eigendaskipti og skráð afdrif hrossa sinna sjálfir á netinu með því að fara inn í sína "Heimarétt" í Worldfeng. Einnig geta eigendur skráð fólöld sín sjálfir að því tilskyldu að mæðurnar hafi verið skráðar hjá stóðhesti árið áður. Því er mjög mikilvægt að skila stóðhestaskýrslum fyrir alla stóðhesta sem hafðir voru í merum í sumar. GR

---

---

## Forðagæsluskýrslur

Nú eiga allir sem eiga búfé og búa á lögbýlum að vera búnir að fá senda forðagæsluskýrslu nema þeir sem afþökkuðu skýrslu á pappír í fyrra. Ef einhvern vantar skýrslu á pappír þá vinsamlega látið okkur vita.

### Ef skýrslu er skilað á pappír þarf að koma henni til Búnaðarsambandsins fyrir 20. nóv.

Eins og í fyrra er einnig hægt að skila skýrslu rafrænt á netinu. Er þá farið inn á síðuna [www.bustofn.is](http://www.bustofn.is) og smellt á hnappinn **island.is** Síðan er notaður sami auðkennislykill og hjá ríkisskattstjóra til að komast inn til skráningar. Skráð er bæði búfé og fóður og eru útreikningar sjálfvirkir og þægilegir eftir að viðeigandi valkostir hafa verið fylltir út.

Til að skrá laust fóður þ.e. þurrhey eða vothey er best að setja 1 í reit fyrir „Fjöldi“ og síðan heildarrúmetra í reit fyrir „Stærð“. Auðvelt er að hafa hverja gryfju eða hlöðu fyrir sig og skrá þá í athugasemdir nánari lýsingu. Sama á við um rúlluskráningar – hægt er að hafa hvert tún fyrir sig ef það hentar og skrá þá í athugasemdir um hvaða stykki er að ræða. Ekki þarf að klára alla skráningu í einu því eins og með skattaskýrsluna þá geymist skráningin á milli heimsóknna alveg þar til skilað er. Eins er mjög aðvelt að lagfæra og eyða skráningum sem búið er að gera.

Þeir sem hafa skráð alla uppskeru í [www.jörð.is](http://www.jörð.is) geta sótt hana beint með því að smella á tengil inni á bustofn.is.

Athugið að þegar búfé er skráð er ekki víst að bendillinn sjáist í reitnum sem skrá á í – það er engu að síður hægt að skrá fjölda.

### Skilum með rafrænum hætti þarf að vera lokið fyrir 10.des

Nánari leiðbeiningar má finna á heimasíðu Matvælastofnunar ([mast.is](http://mast.is)) og eins má hafa samband við BHS ef eitthvað er óljóst varðandi skráningar og skil.

---

---

## Dýralæknaþjónusta

Eins og flestum er kunnugt hefur staða dýralæknaþjónustu breyst umtalsvert við gildistöku nýrra laga um þau mál. Héraðsdýralæknir fyrir Norðvesturumdæmi er nú Egill Þorri Steingrímsson. Norðvesturumdæmi er Skagafjörður, Austur-og Vestur-Húnavatnssýsla og Bæjarhreppur. Héraðsdýralæknir fyrir Vesturumdæmi er Flora-Josephine Hagen Liste. en undir það fellur Strandasýsla (utan við Bæjarhrepp) ásamt öllu Vesturlandi. Sem héraðsdýralæknar mega þau nú ekki lengur sinna almennri dýralæknaþjónustu. Þau sjá hins vegar um skipuleggja bakvaktir innan síns svæðis og er hægt að sjá hvaða dýralæknir er á bakvakt utan dagvinnutíma á heimasíðu Matvælastofnunar [www.mast.is](http://www.mast.is) undir „Héraðsdýralæknar“.

### Strandir

Matvælastofnun hefur gert þjónustusamning við Hjalta Viðarsson á þjónustusvæði 2 sem Strandirnar tilheyra (utan við Bæjarhrepp). Hann er því skuldbundinn til að sjá um dagvakt á því svæði alla virka daga ársins. Utan dagvinnutíma skipuleggur héraðsdýralæknir Vesturumdæmis bakvaktir og má sjá hver sinnir henni á hverjum tíma á heimasíðu Matvælastofnunar (sjá hér að ofan).

Bæjarhreppurinn hefur nokkra sérstöðu þar sem hann heyrir annars vegar undir héraðsdýralækni Norvesturumdæmis en tilheyrir hins vegar þjónustusvæði 2 á samt Dalabyggð, Reykhólahrepp, Strandabyggð, Árneshrepp og Kaldraneshrepp og heyrir þannig undir dýralækni í Búðardal. Samkvæmt því virðist sem íbúar Bæjarhrepps geti leitað til Hjalta á dagvinnutíma en fylgi Húnavatnssýslum og Skagafirði á kvöldin og um helgar.

### Húnavatnssýslurnar

Matvælastofnun hefur gert þjónustusamning við Dýralæknaþjónustu Stefáns Friðrikssonar ehf. á Þjónustusvæði 4 þ.e. Húnaþing vestra og A-Húnavatnssýslu. Stefán Friðriksson er svæðinu kunnugur og hefur áður starfað sem héraðsdýralæknir í Austur-Húnaþingsumdæmi með aðsetur á Blönduósi en er núna starfandi dýralæknir í Skagafirði með aðstöðu á Sauðárkróki og í Glæsibæ. Með þessum þjónustusamningi er Dýralæknaþjónusta

---

Stefáns skuldbundin til að sinna dýralæknaþjónustu á dagvinnutíma alla virka daga ársins. Bakvaktþjónustunni á þessu svæði er eins og er einnig allri sinnt frá Skagafirði.

Í reglugerð nr 846 frá 16. sept 2011 um "Dýralæknaþjónustu í dreifðum byggðum" er tekið fram að dýralæknir sem gerir þjónustusamning um ákveðið svæði "skuli vera með starfsstöð innan viðkomandi svæðis". Til þess að ná þessum samningi við Stefán var þó horfið frá þessu ákvæði og sett ný reglugerð nr 1032 frá 3. nóv 2011 þar sem gefin er heimild til að víkja frá kröfu um starfsstöð á svæðinu ef einungis er gerður tímabundinn samningur. Því verður að líta svo á að þetta fyrirkomulag á dýralæknaþjónustu á þessu svæði sé einungis tímabundið og því verði breytt um leið og einhver dýralæknir sýnir áhuga á því að gera "hefðbundinn" þjónustusamning og búa og starfa á svæðinu.

Eðlilega hafa margir spurt hvernig verði þá varðandi kostnað við akstur dýralæknis þegar hann býr í 40 km fjarlægð frá svæðinu. Því er til að svara að samkvæmt þeim reglum sem nú er unnið eftir þá á bóndi aldrei að borga meira en 80 km akstur (báðar leiðir) fyrir einstaka vitjun. Það sem hugsanlega er umfram þetta er greitt beint til dýralæknis úr ákveðnum akstursjöfnunarsjóði og þarf bóndinn ekki að sjá um það. Ef dýralæknir fer í vitjanir á fleiri bæi í sömu ferð á hann að skipta ferðakostnaði á milli þeirra.

Miðað við staðsetningu dýralæknis á Sauðárkróki þá má segja að allar stakar vitjanir á þjónustusvæðinu beri 80 km akstur. Því er nú sem aldrei fyrr nauðsynlegt að skipuleggja vel ferðir dýralæknis og um að gera að láta hann vita af verkefnum sem ekki eru bráðatilfelli og sinna má þegar tækifæri gefst.

Búnaðarsambandið hefur komið þeirri skoðun á framfæri við Landbúnaðarráðuneytið að það sé mjög óeðlilegt að bændur þurfi að sjá um ferðakostnað dýralæknis inn á þjónustusvæðið og hefur ráðuneytið lofað að skoða það mál og munum við fylgja því eftir að það verði gert.

Ef allir leggjast á eitt þá má sjálfsagt lifa við þetta skipulag tímabundið en það mun að sjálfsögðu ekki ganga til lengri tíma að húnvetniskir bændur sækja alla sína dýralæknaþjónustu til Skagafjarðar.

Rétt er að fram komi að þrátt fyrir þessa þjónustusamninga þá eru bændur að sjálfsögðu ekki skuldbundnir til að eiga viðskipti við þá dýralækna sem hafa gert þjónustusamningana. Menn geta auðvitað samið við hvaða dýralækna sem mönnum sýnist að því gefnu að þeir vilji sinna því. Dýralæknarnir með þjónustusamningana eru hins vegar skuldbundnir til að vera á dagvakt alla virka daga ársins og sinna því sem upp á kemur á þeim tíma.

---

## Garnaveikibólusetning

Héraðsdýralæknir Norðvesturumdæmis hefur beðið okkur að koma eftirfarandi upplýsingum á framfæri: Garnaveikibólusetningu á svæðinu annast þessir aðilar:

A-Hún: Dýralæknaþjónusta Stefáns Friðrikssonar ehf. s. 822-5488

Vatnsnes: Björn Viðar Unnsteinsson, Neðri-Þverá, s. 845-0490

V-Hún annað en Vatnsnes: Einar Reynisson, s. 662-8821

Eru bændur sem ekki er búið að bólusetja hjá hvattir til að hafa samband við viðkomandi aðila sem allra fyrst.

---

## Hrútaskráin

Fyrir áhugasama er rétt að fram komi að hrútaskráin er komin á netið og má nálgast hana í gegnum heimasíðu okkar, [www.rhs.is](http://www.rhs.is). Henni verður síðan dreift í pósti að afloknum kynningarfundunum. Ef einhverjir hafa lent utan póstlistans undanfarin ár og vilja fá hrútaskrá þá hafið samband við okkur hjá BHS.